

Landmótun ehf
Óskar Örn Gunnarsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. júlí 2012
Tilvísun: UST20120500060/ksj

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018

Vísað er til erindis Landmótunar er barst 10.maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 felur í sér breytingar í 6 liðum: -Breyting á köflum um iðnaðarsvæði þar sem um er að ræða eftirfarandi breytingar: breyting vegna fyrirhugaðar heitavatsborholu í Sveinseyrarhlíð. Stækkun iðnaðarsvæða 12 (Gámavöllur) og 13 (Iðnaðarhúsnæði) innan þéttbýlisins 0,1 ha hvort svæði.. Þrjú ný iðnaðarsvæði í Sveinseyrarhlíð fyrir litlar fóðustöðvar fyrir laxeldi, stærðir 2000 – 4000 m². Nýtt iðnaðarsvæði 18 (Hrafnadalur) bætist við fyrir geymslusvæði innan þéttbýlisins.-Afmörkun nýs vatnsverndarsvæðis í landi Sveinseyrar vegna neysluvatns. Afmarkað verður vatnsverndarsvæði í kringum 19 borholur fyrir kalt vatn (brunn-, grann- og fjarsvæði). -Færsla á frístundabyggðasvæði F2 samfara afmörkun vatnsverndarsvæðis í landi Sveinseyrar og er það fært út fyrir grannsvæði vatnsverndar. Stærð svæðis verður 1 ha í stað 2ha.-Skilgreint opið svæði til sérstakra nota í landi Sveinseyrar. Um er að ræða 3 ha svæði í tengslum við frístundabyggðina. Svæði Ú7 minnkar um 0,1 ha vegna stækkunar iðnaðarsvæðis 12 og 13.-Hitaveitulögn sem lögð verður frá borholu til þéttbýlisins í Tálknafirði.-Sett inn reiðleið frá Gilsá að hesthúsasvæði á Tálknafirði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreindar breytingar:

Heitavatsborhola og hitaveitulögn frá borholu í þéttbýli

Áætlað er byggja upp borteig í Sveinseyrarhlíð neðan þjóðveggar. Borteigur er áætlaður 15x40 eða alls 600 m² og verður staðsettur á svæði neðan vegar sem hefur verið raskað þegar vegagerð á svæðinu fór fram. Umhverfisstofnun tekur undir að umhverfisáhrif vegna hitavatslagnar meðfram vegi við hlið eldri lagnar mun ekki valda miklu raski þar sem svæðið er þegar raskað vegna lagningar vegar og hitalagnar. Á hinn bóginn verða umhverfisáhrif vegna borteigs, bæði sjónræn áhrif og áhrif á landslag þar sem gerður er mikill malarpúði þegar slíkur teigur er byggður upp. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vandað verði vel til verka þar sem borþallurinn verður mjög sýnilegur á nesi

sem borsvæðið er gróft afmarkað í tillögu að breyttu aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006 – 2018 og erfitt að meta fjarlægðir, vill Umhverfisstofnun benda á að skv. gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð *Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum* segir: „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð laið meðfram þeim.” Að mati Umhverfisstofnunar fer það eftir því hvernig staðið verður að gerð borpalls og öðrum tengdum framkvæmdum eins og gerð vegar að borholunni hversu mikil þau sjónrænu áhrif og áhrif á landslag verða af völdum framkvæmdanna. Mikilvægt er að vegur að borholu verði aðlagður að landi, og verði látinn liggja vel í landi. Að mati stofnunarinnar er það því undir vinnubrögðum við framkvæmdir komið hvort framkvæmdir muni hafa óveruleg áhrif eins og fram kemur í umhverfisskýrslu eða hvort framkvæmdir stingi í stúf í landinu og umhverfisáhrif verði veruleg. Umhverfisstofnun telur því að beina eigi þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að raski við framkvæmdina verði haldið í algjöru lágmarki.

Gróðurfar og náttúruminjar


Framkvæmdarsvæði er ekki innan svæðis á náttúruminjasrá. Samkvæmt greinagerð er landslag aflíðandi graslendi og heitavatnsborholan er staðsett á bakka neðan þjóðvegur. Suður af holunni er 15 m hár sjávarbakki. Gróðurfar einkennist af graslendi en ofan vegar eru móar og mýrardrög. Þá segir að áhrif á gróður verði takmörkuð við borteiginn en um er að ræða raskað graslendi sem er einkennandi fyrir svæðið og ekki er vitað um neinar plöntur á valista innan framkvæmdarsvæðis. Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að frágangur við heitavatnsborholu verði vandaður að framkvæmdum loknum og að öllu raski verði haldið í lágmarki.


Niðurstaða

Í fyrri umsögnum Umhverfisstofnunar vegna sama svæðis hefur stofnunin bent á að frágangur við eldri hitaveitulagnir væru slæmar og ítrekar að kostur væri ef unnt er að bæta úr því samfara lagningu nýrrar lagnar.

Að öðru leyti en því er að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun